# REGLUGERÐ

**um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda.**

## I. KAFLI
**Markmið, gildissvið o.fl. Markmið.**

1. gr.

Markmið þessarar reglugerðar er að koma í veg fyrir að útlendar plöntutegundir valdi óæskilegum breytingum á líffræðilegri fjölbreytniííslenskum vistkerfum.

2. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerðin gildir um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda hér á landi.

Reglugerðin gildir ekki um ræktun útlendra plöntutegunda í ylrækt.

3. gr.

*Skilgreiningar.*

*Innlend tegund:* Tegundir blómplantna og byrkninga sem tilgreindar eru í viðauka við reglugerð þessa og taldar eru til hinnar íslensku flóru.

*Útlend tegund*: Allar aðrar plöntutegundir en innlendar tegundir.

*Ylrækt*: Ræktun í lokuðu rými þar sem hiti er vel yfir meðalhita viðkomandi svæðis á hverjum tíma með aðstoð orkugjafa.

4. gr.

*Sérfræðinganefnd um innflutning og ræktun útlendra plöntutegunda.*

Sérfræðinganefnd er umhverfisráðherra til ráðgjafar um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda, sbr. 41. gr. laga um náttúruvernd. Nefndin skal gera tillögur til ráðherra um hvaða útlendar plöntur skuli óheimilt að flytja til landsins, sbr. 5. gr., og hvaða útlendar plöntur heimilað verður að rækta hér á landi, sbr. 7. gr., og semja leiðbeinandi reglur um notkun einstakra plöntutegunda.

Í starfi sínu skal nefndin hafa eftirfarandi að leiðarljósi:

Samninginn um líffræðilega fjölbreytni, samninginn um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu, samninginn um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun, og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar.

Að leyfa ræktun útlendrar tegundar ef hún hefur fyrirsjáanlega kostifyrir afkomu mannsins eða náttúruleg samfélög og ógnar ekki líffræðilegri fjölbreytni, náttúrulegum vistkerfum og samfélögum.

## II. KAFLI
**Innflutningur og skráning. Innflutningur.**

5. gr.

Umhverfisráðherra gefur út lista A yfir útlendar plöntutegundir sem óheimilt er að flytja til landsins að fengnum tillögum sérfræðinganefndarinnar. Birta skal listann í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

*Skráning.*

Öllum, sem flytja inn útlendar plöntutegundir, ber að tilkynna það til Náttúrufræðistofnunar Íslands. Stofnunin ber ábyrgð á að allar útlendar plöntutegundir, sem fluttar eru inn til landsins, séu skrásettar.

Í tilkynningunni skal greina frá latnesku tegundarheiti, landfræðilegum uppruna, erlendum afgreiðsluaðila og tilgangi innflutnings.

## III. KAFLI
## Ræktun útlendra plöntutegunda. Plöntulistar.

7. gr.

Umhverfisráðherra gefur út lista B yfir útlendar tegundir sem heimilt er að rækta hér á landi að fenginni umsögn sérfræðinganefndarinnar og Umhverfisstofnunar. Í listanum skulu vera leiðbeinandi reglur um ræktun og dreifingu hverrar tegundar og upplýsingar um þau skilyrði sem ræktuninni eru sett. Birta skal listann í B-deild Stjórnartíðinda.

Heimilt er að nota útlendar plöntutegundir sem skráðar eru á B-lista til ræktunar hér á landi með þeim skilyrðumog í samræmi við leiðbeinandi reglur um ræktun og dreifingu þeirra, nema á þeim svæðum sem getið er um í 10. gr.

Þegar tekin hefur verið ný útlend plöntutegundá B-lista skal gefa út leiðbeinandi reglur um ræktun hennar og upplýsingar um þau skilyrði sem ræktuninni eru sett.

Óheimilt er að nota tegundir á A-lista til ræktunar hér á landi.

8. gr.

*Ræktun annarra plantna.*

Heimilt er að taka tegund af B-lista ef í ljós kemur að tegundin gerist of ágeng í íslenskri náttúru að mati sérfræðinganefndarinnar.

Sé ætlunin að taka aðrar tegundir til ræktunar en þær sem eru á B-lista ber að senda sérfræðinganefndbeiðni um að tegundin verði tekin inn á B-lista.

Með beiðni samkvæmt 2. mgr. skulu fylgja upplýsingar um:

1. Nafn og heimilisfang umsækjanda.
2. Latneskt tegundarheiti.
3. Afgreiðsluaðila.
4. Mat á ávinningi og áhættu af ræktun tegundarinnar.

9. gr.

*Mat á ávinningi og áhættu.*

Umsækjandi skal leggja fram mat á ávinningi og áhættu vegna fyrirhugaðrar ræktunar. Veita skal upplýsingar um eftirfarandi atriði: uppruna, náttúrulega útbreiðslu, almenna líffræði tegundarinnar, þ.m.t. dreifingarmáta, náttúrulega óvini, stöðu tegundarinnar í upprunalegum vistkerfum, reynslu af ræktun tegundarinnar erlendis.

Við mat á ávinningi skal taka mið af því hver sé vistfræðilegur og efnahagslegur ávinningur af notkun tegundarinnar.

Í áhættumati skulu eftirfarandi þættir tilgreindir: líklegar afleiðingar af fyrirhugaðri ræktun tegundarinnar, í hverju áhætta af ræktun er fólgin, leiðir til að draga úr áhættu. Í þessu felst skilgreining á þeim búsvæðum þar sem ætlunin er að rækta tegundina, mat á áhrifum hennar ef hún kemst í önnur búsvæði og tillögur um hvernig draga megi úr hugsanlegum neikvæðum áhrifum af ræktun. Sérstaka áherslu skal leggja á dreifingarmáta tegundarinnar, hvort hún geti víxlast við innlendar tegundir og hvort hún geti valdið tjóni á lífríki, uppskeru, húsdýrum mannsins eða á manninum sjálfum. Loks skal meta hversu mikið tegundin muni breyta gróðri og dýralífi viðkomandi svæðis.

10. gr.

*Ræktunarsvæði.*

Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 400 metra hæðar yfir sjó. Umhverfisstofnun getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði að fenginni umsögn sérfræðinganefndarinnar.

11. gr.

*Ræktun í tilraunaskyni.*

Sérfræðinganefndinni er heimilt að leyfa skipulegar rannsóknir með ræktun útlendra tegunda sem ekki eru á B-lista, enda ábyrgist rannsóknaraðili að tegundirnar dreifist ekki frá rannsóknarsvæðinu. Rannsóknaraðila ber að gera nefndinni grein fyrir staðsetningu, umfangi og tímasetningu allra rannsókna með slíkar tegundir. Rannsóknirnar eru á ábyrgð rannsóknaraðila.

Rannsóknaraðila ber að tryggja að tegundir séu ræktaðar á vel afmörkuðum svæðum sem eiga að vera sérstaklega merkt sem tilraunasvæði. Þegar tilraunum er lokið skal rannsóknaraðili sjá til þess að tegundum sem fara á A-lista sé eytt.

Rannsóknaraðila er óheimilt að afhenda einstaklingum eða ræktendum tilraunaefnivið til eigin ræktunar.

IV. KAFLI

**Ýmis ákvæði. Eftirlit.**

12. gr.

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með því að ákvæði þessarar reglugerðar séu virt.

13. gr.

*Refsiábyrgð.*

Hver sá sem brýtur gegn ákvæðum þessarar reglugerðar skal sæta sektum. Með mál samkvæmt grein þessari skal farið að hætti opinberra mála, sbr. lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

14. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 41. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Sérfræðinganefndin skal gera tillögu um hvaða tegundir skuli skilgreina í reglugerð þessari sem innlendar tegundir. Skal sérfræðinganefndin hafa þar til viðmiðunar tölusettar tegundir í Flóru Íslands, 3. útgáfu frá 1948. Einnig skal sérfræðinganefndin gera tillögu um hvaða útlendar tegundir, sem nú eru ræktaðar í landinu, séu teknar inn á A- eða B-lista. Hún skal auk þess gera tillögu að skilyrðum fyrir ræktun tegunda á B-lista og vinna leiðbeinandi reglur um notkun þeirra. Umhverfisráðherra birtir lista samkvæmt grein þessari í viðauka við reglugerð þessa.

**VIÐAUKI I**

VIÐAUKI 1

**Listi yfir innlendar tegundir sem teljast til íslensku flórunnar, sbr. 1. málsl. 3. gr.**

- **Ophioglossum azoricum** C.Presl. - ***Naðurtunga.***
- **Botrychium lunaria** (L.) Sw. - ***Tungljurt.***
- **Botrychium lanceolatum** (S.G.Gmel.) Ångstr. - ***Lensutungljurt.***
- **Botrychium boreale** Milde - ***Mánajurt.***
- **Cystopteris fragilis** (L.) Bernh. - ***Tófugras.***
- **Woodsia ilvensis** (L.) R.Br. - ***Liðfætla.***
- **Woodsia alpina** (Bolton) Gray - ***Fjallaliðfætla.***
- **Dryopteris filix-mas** (L.) Schott - ***Stóriburkni.***
- **Dryopteris expansa** (C.Presl) Fraser-Jenk. & Jermy - ***Dílaburkni.***
- **Gymnocarpium dryopteris** (L.) Newman - ***Þrílaufungur.***
- **Phegopteris connectilis** (Michx.) Watt - ***Þríhyrnuburkni.***
- **Polystichum lonchitis** (L.) Roth - ***Skjaldburkni.***
- **Athyrium filix-femina** (L.) Roth - ***Fjöllaufungur.***
- **Juncus balticus** Willd. - ***Fitjanál.***
- **Athyrium distentifolium** Tausch ex Opiz - ***Þúsundblaðarós.***
- **Asplenium viride** Huds. - ***Klettaburkni.***
- **Blechnum spicant** (L.) Roth - ***Skollakambur.***
- **Epilobium palustre** L. - ***Mýradúnurt.***
- **Cryptogramma crispa** (L.) R.Br. ex Hook. - ***Hlíðaburkni.***
- **Polypodium vulgare** L. - ***Köldugras.***
- **Equisetum arvense** L. - ***Klóelfting.***
- **Equisetum sylvaticum** L. - ***Skógelfting.***
- **Equisetum pratense** Ehrh. - ***Vallelfting.***
- **Equisetum palustre** L. - ***Mýrelfting.***
- **Equisetum fluviatile** L. - ***Fergin.***
- **Equisetum variegatum** Schleich. ex Weber & Mohr - ***Beitieski.***
- **Equisetum hyemale** L. - ***Eski.***
- **Huperzia selago** (L.) Bernh. ex Schrank & Mart. - ***Skollafingur.***
- **Lycopodium annotinum** L. - ***Lyngjafni.***
- **Diphasiastrum alpinum** (L.) Holub - ***Litunarjafni.***
- **Lycopodium clavatum** L. - ***Burstajafni.***
- **Selaginella selaginoides** (L.) P.Beauv. ex Schrank. - ***Mosajafni.***
- **Isoetes lacustris** L. - ***Vatnalaukur.***
- **Isoetes echinospora** Durieu - ***Álftalaukur.***
- **Juniperus communis** L. subsp. **nana** (Willd.) Syme - ***Einir.***
- **Triglochin palustris** L. - ***Mýrasauðlaukur.***
- **Triglochin maritima** L. - ***Strandsauðlaukur.***
- **Stuckenia filiformis** (Pers.) Börner - ***Þráðnykra.***
- **Potamogeton berchtoldii** Fieber - ***Smánykra.***
- **Potamogeton natans** L. - ***Blöðkunykra.***
- **Galium verum** L. - ***Gulmaðra.***
- **Potamogeton alpinus** Balbis - ***Fjallnykra.***
- **Potamogeton gramineus** L. - ***Grasnykra.***
- **Potamogeton perfoliatus** L. - ***Hjartanykra.***
- **Potamogeton praelongus** Wulfen - ***Langnykra.***
- **Ruppia maritima** L. - ***Lónajurt.***

- **Zannichellia palustris** L. - *Hnotsörvi.*
- **Zostera angustifolia** (Hornem.) Rchb. - *Marhálmur.*
- **Nardus stricta** L. - *Finnungur.*
- **Elytrigia repens** (L.) Desv. ex Nevski - *Húsapuntur.*
- **Elymus kronokensis** (Kom.) Tzvelev subsp. **borealis** - *Bláhveiti.*
- **Elymus alopex** B. Salomon - *Kjarrhveiti.*
- **Leymus arenarius** (L.) Hochst. - *Melgresi.*
- **Anthoxanthum odoratum** L. - *Ilmreyr.*
- **Alopecurus geniculatus** L. - *Knjáliðagras.*
- **Alopecurus aequalis** Sobol. - *Vatnsliðagras.*
- **Phleum alpinum** L. - *Fjallafoxgras.*
- **Hierochloe odorata** (L.) Beauv. - *Reyrgresi.*
- **Milium effusum** L. - *Skrautpuntur.*
- **Agrostis vinealis** Schreber - *Týtulíngresi.*
- **Agrostis capillaris** L. - *Hálíngresi.*
- **Agrostis stolonifera** L. - *Skriðlíngresi.*
- **Calamagrostis neglecta** (Ehrh.) P.Gaertn. - *Hálmgresi.*
- **Holcus lanatus** L. - *Loðgresi.*
- **Deschampsia cespitosa** (L.) P. Beauv. - *Snarrótarpuntur.*
- **Deschampsia alpina** (L.) Roemer & Schultes - *Fjallapuntur.*
- **Avenella flexuosa** (L.) Drejer - *Bugðupuntur.*
- **Trisetum spicatum** (L.) K.Richter - *Fjallalógresi.*
- **Arrhenatherum elatius** (L.) P.Beauv. ex J. & C.Presl - *Ginhafri.*
- **Danthonia decumbens** (L.) DC. - *Knjápuntur.*
- **Sesleria albicans** Kit. ex Schultes - *Blátoppa.*
- **Catabrosa aquatica** (L.) P.Beauv. - *Vatnsnarfagras.*
- **Poa annua** L. - *Varpasveifgras.*
- **Poa nemoralis** L. - *Kjarrsveifgras.*
- **Poa glauca** Vahl - *Blásveifgras.*
- **Poa flexuosa** Sm. - *Lotsveifgras.*
- **Poa alpina** L. - *Fjallasveifgras.*
- **Poa pratensis** L. - *Vallarsveifgras.*
- **Poa trivialis** L. - *Hásveifgras.*
- **Phippsia algida** (Solander) R.Br. - *Snænarfagras.*
- **Puccinellia capillaris** (Lilj.) Jansen - *Varpafitjungur.*
- **Puccinellia coarctata** Fernald & Weath. - *Sjávarfitjungur.*
- **Glyceria fluitans** (L.) R.Br. - *Flóðapuntur.*
- **Festuca rubra** L. subsp. **richardsonii** (Hook.) Hultén - *Túnvingull.*
- **Festuca vivipara** (L.) Sm. - *Blávingull.*
- **Schedonorus pratensis** (Hudson) P. Beauv. - *Hávingull.*
- **Eriophorum scheuchzeri** Hoppe - *Hrafnafífa.*
- **Eriophorum angustifolium** Honckeny - *Klófífa.*
- **Eleocharis palustris** (L.) Roemer & Schultes - *Vatnsnál.*
- **Eleocharis uniglumis** (Link) Schultes - *Vætuskúfur.*
- **Trichophorum cespitosum** (L.) Hartm. - *Mýrafinnungur.*
- **Eleocharis quinqueflora** (Hartmann) O. Schwarz - *Fitjaskúfur.*
- **Eleocharis acicularis** (L.) Roemer & Schultes - *Efjuskúfur.*
- **Kobresia myosuroides** (Vill.) Fiori - *Þursaskegg.*
- **Carex dioica** L. - *Sérbýlisstör.*
- **Carex capitata** L. - *Hnappstör.*

- **Carex diandra** Schrank - ***Safastör.***
- **Carex nardina** Fries - ***Finnungsstör.***
- **Carex microglochin** Wahlenb. - ***Broddastör***.
- **Carex rupestris** All. - ***Móastör.***
- **Carex chordorrhiza** Ehrh. ex L. fil. - ***Vetrarkvíðastör.***
- **Carex maritima** Gunnerus - ***Bjúgstör.***
- **C arex echinata** Murray - ***Ígulstör.***
- **Carex macloviana** d'Urv. - ***Kollstör.***
- **Carex brunnescens** (Pers.) Poiret - ***Línstör.***
- **Carex canescens** L. - ***Blátoppastör.***
- **Carex lachenalii** Schkuhr - ***Rjúpustör.***
- **Carex glareosa** Wahlenb. - ***Heigulstör.***
- **Carex mackenziei** V.I.Krecz. - ***Skriðstör.***
- **Carex norvegica** Retz. - ***Fjallastör.***
- **Carex atrata** L. - ***Sótstör.***
- **Carex flacca** Schreber - ***Grástör.***
- **Carex pilulifera** L. - ***Dúnhulstrastör.***
- **Carex glacialis** Mackenzie - ***Dvergstör.***
- **Carex capillaris** L. - ***Hárleggjastör.***
- **Carex panicea** L. - ***Belgjastör.***
- **Carex livida** (Wahlenb.) Willd. - ***Fölvastör.***
- **Carex vaginata** Tausch - ***Slíðrastör.***
- **Carex limosa** L. - ***Flóastör.***
- **Carex paupercula** Michx. - ***Keldustör.***
- **Carex rariflora** (Wahlenb.) Sm. - ***Hengistör.***
- **Carex serotina** Mérat - ***Gullstör.***
- **Carex flava** L. - ***Trjónustör.***
- **Carex rostrata** Stokes - ***Tjarnastör.***
- **Carex saxatilis** L. - ***Hrafnastör.***
- **Carex nigra** (L.) Reichard - ***Mýrastör.***
- **Carex subspathacea** Wormsk. - ***Flæðastör.***
- **Carex lyngbyei** Hornem. - ***Gulstör.***
- **Carex bicolor** All. - ***Hvítstör.***
- **Carex rufina** Drejer - ***Rauðstör.***
- **Juncus filiformis** L. - ***Þráðsef.***
- **Juncus arcticus** Willd. subsp. **intermedius** Hyl. - ***Hrossanál.***
- **Juncus trifidus** L. - ***Móasef.***
- **Juncus castaneus** Sm. - ***Dökkasef.***
- **Juncus triglumis** L. - ***Blómsef.***
- **Juncus biglumis** L. - ***Flagasef.***
- **Juncus alpinoarticulatus** Chaix subsp. **alpestris** (Hartm.) Hämet-Ahti - ***Mýrasef.***
- **Juncus articulatus** L. - ***Laugasef.***
- **Juncus bulbosus** L. - ***Hnúðsef.***
- **Juncus squarrosus** L. - ***Stinnasef.***
- **Juncus bufonius** L. - ***Lækjasef.***
- **Juncus ranarius** Nees ex Song. & Perr. - ***Lindasef.***
- **Luzula spicata** (L.) DC. - ***Axhæra.***
- **Luzula arcuata** (Wahlenb.) Swartz - ***Boghæra.***
- **Luzula confusa** Lindeb. - ***Fjallhæra.***
- **Luzula multiflora** (Ehrh.) Lej. - ***Vallhæra.***

- **Luzula pallescens** Sw. - ***Ljóshæra.***
- **Luzula sudetica** (Willd.) DC. - ***Dökkhæra.***
- **Sparganium natans** L. - ***Tjarnabrúsi.***
- **Sparganium hyperboreum** Laest. ex Beurl. - ***Mógrafabrúsi.***
- **Sparganium angustifolium** Michx. - ***Trjónubrúsi.***
- **Tofieldia pusilla** (Michx.) Pers. - ***Sýkigras.***
- **Allium oleraceum** L. - ***Villilaukur.***
- **Paris quadrifolia** L. - ***Ferlaufungur.***
- **Coeloglossum viride** (L.) Hartman - ***Barnarót.***
- **Listera cordata** (L.) R.Br. - ***Hjartatvíblaðka.***
- **Listera ovata** (L.) R.Br. - ***Eggtvíblaðka.***
- **Corallorhiza trifida** Châtel. - ***Kræklurót.***
- **Salix arctica** Pall. - ***Fjallavíðir.***
- **Salix lanata** L. - ***Loðvíðir.***
- **Salix herbacea** L. - ***Grasvíðir.***
- **Salix phylicifolia** L. - ***Gulvíðir.***
- **Populus tremula** L. - ***Blæösp.***
- **Betula nana** L. - ***Fjalldrapi.***
- **Betula pubescens** Ehrh. - ***Birki.***
- **Urtica urens** L. - ***Smánetla.***
- **Rumex longifolius** DC. - ***Njóli.***
- **Rumex acetosa** L. subsp. **acetosa** - ***Túnsúra.***
- **Rumex acetosella** L. - ***Hundasúra.***
- **Oxyria digyna** (L.) Hill - ***Ólafssúra.***
- **Koenigia islandica** L. - ***Naflagras.***
- **Persicaria amphibia** (L.) Gray - ***Tjarnablaðka.***
- **Polygonum aviculare** L. - ***Blóðarfi.***
- **Atriplex glabriuscula** Edmonston - ***Hrímblaðka.***
- **Stellaria media** (L.) Vill. - ***Haugarfi.***
- **Stellaria crassifolia** Ehrh. - ***Stjörnuarfi.***
- **Stellaria humifusa** Rottb. - ***Lágarfi.***
- **Stellaria borealis** Bigelow - ***Línarfi.***
- **Cerastium cerastoides** (L.) Britton - ***Lækjafræhyrna.***
- **Cerastium nigrescens** (H.C.Watson) Edmondston var. **laxum** (Lindblad) Brysting & Elven - ***Fjallafræhyrna.***
- **Cerastium alpinum** L. - ***Músareyra.***
- **Minuartia biflora** (L.) Schinz & Thell. - ***Fjallanóra.***
- **Cerastium fontanum** Baumg. - ***Vegarfi.***
- **Cerastium glomeratum** Thuill. - ***Hnoðafræhyrna.***
- **Sagina nodosa** (L.) Fenzl subsp. **borealis** G.E. Crow - ***Hnúskakrækill.***
- **Sagina subulata** (Swartz) C. Presl - ***Broddkrækill.***
- **Sagina nivalis** (Lindblad) Fries - ***Snækrækill.***
- **Sagina caespitosa** (J.Vahl) Lange - ***Fjallkrækil.***
- **Sagina saginoides** (L.) H.Karsten - ***Langkrækill.***
- **Sagina procumbens** L. - ***Skammkrækill.***
- **Honkenya peploides** (L.) Ehrh. subsp. **diffusa** (Hornem.) Hultén - ***Fjöruarfi.***
- **Minuartia rubella** (Wahlenb.) Hiern - ***Melanóra.***
- **Minuartia stricta** (Swartz) Hiern - ***Móanóra.***
- **Arenaria norvegica** Gunn. - ***Skeggsandi.***
- **Spergula arvensis** L. subsp. **sativa** (Mert. & W.D.J.Koch) Čelak - ***Skurfa.***

- **Spergularia salina** J. & C.Presl - ***Flæðaskurfa.***
- **Viscaria alpina** L. - ***Ljósberi.***
- **Lychnis flos-cuculi** L. - ***Munkahetta.***
- **Silene uniflora** Roth - ***Holurt.***
- **Silene acaulis** (L.) Jacq. - ***Lambagras.***
- **Ranunculus acris** L. - ***Brennisóley.***
- **Ranunculus repens** L. - ***Skriðsóley.***
- **Ranunculus auricomus** L. - ***Sifjarsóley.***
- **Ranunculus pygmaeus** Wahlenb. - ***Dvergsóley.***
- **Ranunculus hyperboreus** Rottb. - ***Trefjasóley.***
- **Ranunculus reptans** L. - ***Flagasóley.***
- **Caltha palustris** L. - ***Hófsóley.***
- **Thalictrum alpinum** L. - ***Brjóstagras.***
- **Papaver radicatum** Rottb. - ***Melasól.***
- **Cakile maritima** Scop. subsp. **islandica** (Goud.) Hyl. ex Elven - ***Fjörukál.***
- **Capsella bursa-pastoris** (L.) Medik. - ***Hjartarfi.***
- **Cochlearia officinalis** L. - ***Skarfakál.***
- **Subularia aquatica** L. - ***Alurt.***
- **Draba incana** L. - ***Grávorblóm.***
- **Draba norvegica** Gunn. - ***Hagavorblóm.***
- **Draba nivalis** Liljeblad - ***Héluvorblóm.***
- **Draba oxycarpa** Sommerf. - ***Fjallavorblóm.***
- **Draba verna** L. - ***Vorperla.***
- **Cardamine pratensis** L. subsp. **angustifolia** (Hook.) O.E. Schulz - ***Hrafnaklukka.***
- **Cardamine hirsuta** L. - ***Lambaklukka.***
- **Cardamine bellidifolia** L. - ***Jöklaklukka.***
- **Arabis alpina** L. - ***Skriðnablóm.***
- **Arabidopsis petraea** (L.) - ***Melablóm.***
- **Rorippa islandica** (Oeder & Murray) Borbas - ***Kattarjurt.***
- **Erysimum strictum** P.Gaertn., B. Mey. & Scherb. - ***Aronsvöndur.***
- **Sedum acre** L. - ***Helluhnoðri.***
- **Sedum annuum** L. - ***Skriðuhnoðri.***
- **Sedum villosum** L. - ***Flagahnoðri.***
- **Rhodiola rosea** L. - ***Burnirót.***
- **Tillaea aquatica** L. - ***Vatnsögn.***
- **Saxifraga cespitosa** L. - ***Þúfusteinbrjótur.***
- **Saxifraga rosacea** Moench - ***Toppasteinbrjótur.***
- **Saxifraga hypnoides** L. - ***Mosasteinbrjótur.***
- **Saxifraga cernua** L. - ***Laukasteinbrjótur.***
- **Saxifraga rivularis** L. - ***Lækjasteinbrjótur.***
- **Saxifraga oppositifolia** L. - ***Vetrarblóm.***
- **Saxifraga hirculus** L. - ***Gullbrá.***
- **Saxifraga aizoides** L. - ***Gullsteinbrjótur.***
- **Saxifraga nivalis** L. - ***Snæsteinbrjótur.***
- **Saxifraga tenuis** (Wahlenb.) H.Smith ex Lindm. - ***Dvergsteinbrjótur.***
- **Saxifraga stellaris** L. - ***Stjörnusteinbrjótur.***
- **Saxifraga foliolosa** R.Br. - ***Hreistursteinbrjótur.***
- **Saxifraga cotyledon** L. - ***Klettafrú.***
- **Saxifraga paniculata** Miller - ***Bergsteinbrjótur.***
- **Parnassia palustris** L. - ***Mýrasóley.***

- **Filipendula ulmaria** (L.) Maxim. - ***Mjaðjurt.***
- **Fragaria vesca** L. - ***Jarðarber.***
- **Sibbaldia procumbens** L. - ***Fjallasmári.***
- **Comarum palustre** L. - ***Engjarós.***
- **Argentina anserina** (L.) Rydb. - ***Tágamura.***
- **Argentina egedii** (Wormskj.) Rydb. - ***Skeljamura.***
- **Potentilla crantzii** (Crantz) G.Beck ex Fritsch - ***Gullmura.***
- **Geum rivale** L. - ***Fjalldalafífill.***
- **Dryas octopetala** L. - ***Holtasóley.***
- **Rubus saxatilis** L. - ***Hrútaber.***
- **Rosa pimpinellifolia** L. - ***Þyrnirós.***
- **Rosa dumalis** Bechst. - ***Glitrós.***
- **Sanguisorba officinalis** L. - ***Blóðkollur.***
- **Alchemilla alpina** L. - ***Ljónslappi.***
- **Alchemilla faeroensis** (Lange) Buser - ***Maríuvöttur.***
- **Alchemilla filicaulis** Buser - ***Maríustakkur.***
- **Alchemilla glabra** Neygenf. - ***Brekkumaríustakkur.***
- **Alchemilla wichurae** (Buser) Stefánsson - ***Silfurmaríustakkur.***
- **Alchemilla glomerulans** Buser - ***Hnoðamaríustakkur.***
- **Sorbus aucuparia** L. - ***Reynir.***
- **Anthyllis vulneraria** L. subsp. **borealis** (Rouy) Jalas - ***Gullkollur.***
- **Vicia cracca** L. - ***Umfeðmingur.***
- **Vicia sepium** L. - ***Giljaflækja.***
- **Lathyrus japonicus** Willd. subsp. **maritimus** (L.) P.W.Ball - ***Baunagras.***
- **Lathyrus palustris** L. - ***Mýraertur.***
- **Lathyrus pratensis** L. - ***Fuglaertur.***
- **Trifolium repens** L. - ***Hvítsmári.***
- **Oxalis acetosella** L. - ***Súrsmæra.***
- **Geranium sylvaticum** L. - ***Blágresi.***
- **Linum catharticum** L. - ***Villilín.***
- **Callitriche stagnalis** Scop. - ***Laugabrúða.***
- **Callitriche brutia** Petagna - ***Lækjabrúða.***
- **Callitriche hamulata** Kütz. ex Koch - ***Síkjabrúða.***
- **Callitriche palustris** L. - ***Vorbrúða.***
- **Callitriche hermaphroditica** L. - ***Haustbrúða.***
- **Drosera rotundifolia** L. - ***Sóldögg.***
- **Viola palustris** L. - ***Mýrfjóla.***
- **Epilobium anagallidifolium** Lam. - ***Fjalladúnurt.***
- **Viola epipsila** Ledeb. - ***Birkifjóla.***
- **Viola canina** L. - ***Týsfjóla.***
- **Viola riviniana** Reichenb. - ***Skógfjóla.***
- **Viola tricolor** L. - ***Þrenningarfjóla.***
- **Chamerion latifolium** (L.) Holub. - ***Eyrarrós.***
- **Chamerion angustifolium** (L.) Holub. - ***Sigurskúfur.***
- **Epilobium collinum** C.C.Gmelin - ***Klappadúnurt.***
- **Epilobium alsinifolium** Vill. - ***Lindadúnurt.***
- **Epilobium lactiflorum** Hausskn. - ***Ljósadúnurt.***
- **Epilobium hornemannii** Reichenb. - ***Heiðadúnurt.***
- **Myriophyllum alterniflorum** DC. - ***Síkjamari.***
- **Myriophyllum sibiricum** Kom. - ***Vatnamari.***

- **Hippuris tetraphylla** L. fil. - ***Flæðalófótur.***
- **Hippuris vulgaris** L. - ***Lófótur.***
- **Cornus suecica** L. - ***Skollaber.***
- **Hydrocotyle vulgaris** L. - ***Vatnsnafli.***
- **Angelica sylvestris** L. - ***Geithvönn.***
- **Angelica archangelica** L. - ***Ætihvönn.***
- **Carum carvi** L. - ***Kúmen.***
- **Ligusticum scoticum** L. - ***Sæhvönn.***
- **Pyrola minor** L. - ***Klukkublóm.***
- **Pyrola grandiflora** Radius - ***Bjöllulilja.***
- **Loiseleuria procumbens** (L.) Desv. - ***Sauðamergur.***
- **Arctostaphylos uva-ursi** (L.) Sprengel - ***Sortulyng.***
- **Calluna vulgaris** (L.) Hull - ***Beitilyng.***
- **Vaccinium myrtillus** L. - ***Aðalbláberjalyng.***
- **Vaccinium uliginosum** L. - ***Bláberjalyng.***
- **Vaccinium vitis-idaea** L. - ***Rauðberjalyng.***
- **Oxycoccus microcarpus** Turcz. ex Rupr. - ***Mýraberjalyng.***
- **Empetrum nigrum** L. - ***Krækilyng.***
- **Diapensia lapponica** L. - ***Fjallabrúða.***
- **Primula stricta** Hornem. - ***Maríulykill.***
- **Glaux maritima** L. - ***Sandlæðingur.***
- **Trientalis europaea** L. - ***Sjöstjarna.***
- **Armeria maritima** (Miller) Willd. - ***Geldingahnappur.***
- **Gentianella campestris** (L.) Börner subsp. **islandica** (Murb.) Á.Löve & D.Löve - ***Maríuvöndur.***
- **Gentianella amarella** (L.) Börner subsp. **septentrionalis** (Druce) N.M.Pritchard - ***Grænvöndur.***
- **Gentiana nivalis** L. - ***Dýragras.***
- **Gentianopsis detonsa** (Rottb.) Ma - ***Engjavöndur.***
- **Gentianella aurea** (L.) H.Smith - ***Gullvöndur.***
- **Lomatogonium rotatum** (L.) Fries ex Fern. - ***Blástjarna.***
- **Menyanthes trifoliata** L. - ***Horblaðka.***
- **Myosotis arvensis** (L.) Hill - ***Gleym-mér-ei.***
- **Myosotis stricta** Link ex Roemer & Schultes - ***Sandmunablóm.***
- **Myosotis discolor** Pers. - ***Kisugras.***
- **Mertensia maritima** (L.) S.F.Gray - ***Blálilja.***
- **Ajuga pyramidalis** L. - ***Lyngbúi.***
- **Prunella vulgaris** L. - ***Blákolla.***
- **Thymus praecox** Opiz subsp. **arcticus** (E. Durand) Jalas - ***Blóðberg.***
- **Rhinanthus minor** L. - ***Lokasjóður.***
- **Melampyrum sylvaticum** L. - ***Krossjurt.***
- **Bartsia alpina** L. - ***Smjörgras.***
- **Euphrasia frigida** Pugsl. - ***Augnfró.***
- **Euphrasia stricta** D.Wolff ex J.F. Lehm. var. **tenuis** - ***Kirtilaugnfró.***
- **Limosella aquatica** L. - ***Efjugras.***
- **Pedicularis flammea** L. - ***Tröllastakkur.***
- **Veronica serpyllifolia** L. - ***Lækjadepla.***
- **Veronica fruticans** Jacq. - ***Steindepla.***
- **Veronica alpina** L. - ***Fjalladepla.***
- **Veronica officinalis** L. - ***Hárdepla.***
- **Veronica scutellata** L. - ***Skriðdepla.***
- **Veronica anagallis-aquatica** L. - ***Laugadepla.***

- **Pinguicula vulgaris** L. - ***Lyfjagras.***
- **Utricularia minor** L. - ***Blöðrujurt.***
- **Plantago maritima** L. - ***Kattartunga.***
- **Plantago major** L. - ***Græðisúra.***
- **Plantago lanceolata** L. - ***Selgresi.***
- **Littorella uniflora** (L.) Ascherson - ***Tjarnalaukur.***
- **Galium boreale** L. - ***Krossmaðra.***
- **Galium trifidum** L. - ***Þrenningarmaðra.***
- **Galium normanii** O.C.Dahl - ***Hvítmaðra.***
- **Galium uliginosum** L. - ***Laugamaðra.***
- **Valeriana sambucifolia** J.C.Mikan ex Pohl subsp. **procurrens** (Wallr.) Á.Löve. - ***Hagabrúða.***
- **Succisa pratensis** Moench - ***Stúfa.***
- **Knautia arvensis** (L.) Coulter - ***Rauðkollur.***
- **Campanula rotundifolia** L. - ***Bláklukka.***
- **Campanula uniflora** L. - ***Fjallabláklukka.***
- **Cirsium arvense** (L.) Scop. - ***Þistill.***
- **Erigeron borealis** (Vierh.) Simmons - ***Jakobsfífill.***
- **Erigeron uniflorus** L. - ***Fjallakobbi.***
- **Erigeron humilis** R.C.Graham - ***Snækobbi.***
- **Antennaria alpina** (L.) Gaertner - ***Fjallalójurt.***
- **Gnaphalium uliginosum** L. - ***Grámygla.***
- **Achillea millefolium** L. - ***Vallhumall.***
- **Achillea ptarmica** L. - ***Silfurhnappur.***
- **Senecio vulgaris** L. - ***Krossfífill.***
- **Leontodon autumnalis** L. - ***Skarifífill.***
- **Crepis paludosa** (L.) Moench - ***Hjartafífill.***
- **Botrychium minganense** Victorin, Proc. & Trans. - ***Keilutungljurt.***
- **Botrychium simplex** E.Hitchc. - ***Dvergtungljurt.***
- **Hymenophyllum wilsonii** Hook. - ***Mosaburkni.***
- **Asplenium septentrionale** (L.) Hoffm. - ***Skeggburkni.***
- **Asplenium trichomanes** L. - ***Svartburkni.***
- **Bistorta vivipara** (L.) Delarbre - ***Kornsúra.***
- **Atriplex longipes** Drejer subsp. **praecox** (Hülph.) Turesson - ***Hélublaðka.***
- **Montia fontana** L. - ***Lækjagrýta.***
- **Beckwithia glacialis** (L.) Á. & D.Löve - ***Jöklasóley.***
- **Batrachium eradicatum** (Laest.) Fr. - ***Lónasóley.***
- **Draba arctogena** (E.Ekman) E.Ekman - ***Heiðavorblóm.***
- **Draba glabella** Pursh. - ***Túnvorblóm.***
- **Draba lactea** Adams - ***Snoðvorblóm.***
- **Cochlearia groenlandica** L. - ***Fjallaskarfakál.***
- **Alchemilla subcrenata** Buser - ***Engjamaríustakkur.***
- **Harrimanella hypnoides** (L.) Coville - ***Mosalyng.***
- **Andromeda polifolia** L. - ***Ljósalyng.***
- **Primula egaliksensis** Wormsk. - ***Davíðslykill.***
- **Comastoma tenellum** (Rottb.) Toyok. - ***Maríuvendlingur.***
- **Galium palustre** L. - ***Mýramaðra.***
- **Euphrasia calida** Yeo - ***Hveraaugnfró.***
- **Taraxacum spp.** - ***Túnfífill.***
- **Pilosella islandica** (Lange) Á.Löve - ***Íslandsfífill.***
- **Hieracium acidotoides** (Dahlst.) Dahlst. - ***Merkurfífill.***

- **Hieracium alpinum** L. - ***Fellafífill.***
- **Hieracium anglicum** Fries - ***Klausturfífill.***
- **Hieracium aquiliforme** (Dahlst.) Dahlst. - ***Arinfífill.***
- **Hieracium arctocerinthe** Dahlst. - ***Tígulfífill.***
- **Hieracium arrostocephalum** Omang - ***Ingimarsfífill.***
- **Hieracium cretatum** Dahlst. - ***Vallafífill.***
- **Hieracium demissum** (Stroemf.) Dahlst. - ***Skallafífill.***
- **Hieracium elegantiforme** Dahlst. - ***Glæsifífill.***
- **Hieracium holopleurum** Dahlst. - ***Runnafífill.***
- **Hieracium leucodetum** Omang - ***Hærufífill.***
- **Hieracium lygistodon** Dahlst. - ***Vargsfífill.***
- **Hieracium macrocomum** Dahlst. - ***Brekkufífill.***
- **Hieracium magnidens** Dahlst. - ***Kvíslfífill.***
- **Hieracium microdon** (Dahlst.) Omang - ***Holtafífill.***
- **Hieracium phrixoclonum** (Omang) Omang - ***Kögurfífill.***
- **Hieracium pullicalicitum** Omang - ***Skeggfífill.***
- **Hieracium stictophyllum** Dahlst. ex W.R. Linton - ***Blettafífill.***
- **Hieracium stoedvarense** Omang - ***Stöðvarfífill.***
- **Hieracium stroemfeltii** Dahlst. - ***Vinafífill.***
- **Hieracium thaectolepium** Dahlst. - ***Hlíðafífill.***
- **Hieracium thulense** Dahlst. - ***Skrautfífill.***
- **Dactylorhiza maculata** (L.) Soó - ***Brönugrös.***
- **Juncus gerardii** Loisel. - ***Fitjasef.***
- **Carex adelostoma** W.I.Krecz. - ***Hrísastör.***
- **Carex bigelowii** Torrey ex Schweinitz subsp. **rigida** W. Schulze-Motel - ***Stinnastör.***
- **Carex caryophyllea** Latourr. - ***Vorstör.***
- **Carex demissa** Hornem. - ***Grænstör.***
- **Carex heleonastes** Ehrh. ex L. fil. - ***Heiðastör.***
- **Carex krausei** Boeck. - ***Toppastör.***
- **Carex pallescens** L. - ***Gljástör.***
- **Carex pulicaris** L. - ***Hagastör.***
- **Carex salina** Wahlenb. - ***Marstör.***
- **Trisetum triflorum** (Bigel.) Á.Löve & D.Löve - ***Móalógresi.***
- **Poa x jemtlandica** (Almq.) K.Richter - ***Hjallasveifgras.***
- **Persicaria maculosa** Gray - ***Flóajurt.***
- **Orthilia secunda** (L.) House - ***Grænlilja.***
- **Phyllodoce caerulea** (L.) Bab. - ***Bláklukkulyng.***
- **Omalotheca norvegica** (Gunnerus) Schultz Bip. & F.W.Schmidt - ***Fjandafæla.***
- **Omalotheca supina** (L.) DC. - ***Grámulla.***
- **Omalotheca sylvatica** (L.) Schultz Bip. & F.W.Schmidt - ***Grájurt.***
- **Tripleurospermum maritimum** (L.) W.D.J. Koch subsp. **phaeocephalum** (Rupr.) Hämet- Ahti - ***Baldursbrá.***
- **Platanthera hyperborea** (L.) Lindley - ***Friggjargras.***
- **Pseudorchis straminea** (Fernald) Soó subsp. **straminea** - ***Hjónagras.***

## VIÐAUKI II

**Listi A yfir útlendar plöntutegundir sem óheimilt er að flytja til landsins.**

1. Azolla filiculoides.
2. Bunias orientalis - *Rússakál.*
3. Elodea canadensis - *Vatnapest.*

4. Fallopia japonica.
5. Fallopia sachalinensis.
6. Galinsoga quadriradiata.
7. Heracleum persicum - *Húnakló*.
8. Heracleum mantegazzianum - *Bjarnarkló.*
9. Heracleum sp.
10. Impatiens parviflora - *Snuddulísa*.
11. Petasites hybridus - *Hrossafífill.*
12. Senecio inaequidens.
13. Solidago canadensis - *Kanadagullhrís*.
14. Solidago gigantea.
15. Spartina anglica.

**Fyrirvari**
Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.
Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.